

Tilv.nr.	Lýsing á matvælum	Matvælahermar sem skal nota			
		A	B	C	D
08.14.	Kaffi, brennt, kaffínsneytt eða leysanlegt, kaffilíki, kornótt eða sem duft				
08.15.	Kaffikjarnalausn	X			
08.16.	Kryddjurtir og önnur grös: kamilla, moskusrós, mint, te, lindiblóm o.fl.				
08.17.	Krydd og kryddblöndur í náttúrulegu formi: kanill, negull, sinnepsduft, pipar, vanilla, saffran o.fl.				

* Þessi mæling skal aðeins gerð þegar pH-gildið er 4,5 eða lægra.

** Þessi mæling skal aðeins gerð á vökvum eða drykkjum sem eru meira en 15% að alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál með jafnstærri etanólvatnslausn.

*** Ef hægt er að sýna fram á með viðeigandi mælingu að ekki sé um neina „fitusnertingu“ við plastið að ræða má sleppa mælingum með matvælahermi D.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og hafnarsvæðis – Hraun 1 í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 5. desember 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulaginu Hraun 1, iðnaðarsvæði fyrir orkufrekan iðnað, hafnarsvæði og tengdan þjónustuiðnað, við Reyðarfjörð.

Breytingin felst í:

1. Stækkun byggingarreits á lóð nr. 1 til norðurs, austurs og suðurs.
 2. Breyttri áfangaskiptingu hafnarsvæðis.
 3. Breyttri legu leigulóðar álvers á hafnarsvæði.
 4. Breyttri legu aðkomuleiðar frá þjóðvegi að hafnarsvæði.
 5. Nýrri aðkomuleið frá þjóðvegi að lóð nr. 1 sunnan Sómastaða.
 6. Kerbrotagryfja er felld út.
 7. Sett eru í skilmála ákvæði um hámarkshæðir skorsteina, sem er 80 m yfir aðliggjandi jörð.
 8. Gert er ráð fyrir skipum allt að 80.000 TDW panamax í stað 60.000 TDW áður.
- Tillagan var auglýst til kynningar frá 18. desember til 15. janúar og frestur til að skila athugasemdum rann út 29. janúar 2003. Engar athugasemdir bárust.
- Tillagan var send Skipulagsstofnun til athugunar og gerir hún ekki athugasemd við auglýsingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagsbreyting þessi öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 13. febrúar 2003.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.